



16. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn mánudaginn 24. mars kl. 16 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnskipulag Byggðasafns Árnesinga. Stjórnir byggðasafns, listasafns og héraðsskjalasafns og framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga hafa fundað um framtíðar fyrirkomulag þessara þriggja safna sem rekin eru af héraðsnefnd, m.a. um kosti og galla samreksturs. Heppilegasti kosturinn og niðurstaða fundanna er að leggja til við fulltrúaráð Héraðsnefndar að stofna byggðasamlag fyrir hvert safn.
2. Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga árið 2024. Lagður var fram ársreikningur gerður af KPMG endurskoðun. Á árinu 2024 voru greiddar 44,8 millj. kr. í laun auk 10,6 millj. króna í launatengd gjöld. Á árinu unnu 11 starfsmenn hjá safninu í 4,1 stöðugildum. Rekstrarniðurstaða ársins 2024 var jákvæð um 3,9 millj. kr. samkvæmt rekstrareikningi. Fjármagnsgjöld voru 14,6 millj. kr. Eigið fé safnsins nam 29,1 millj. kr. í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi. Heildarveltan varð 112,5 millj. kr. Stjórn safnsins felur safnstjóra að taka saman rekstrarkostnað mánaðarlega og upplýsa stjórn. Stjórn safnsins og safnstjóri árituðu ársreikninginn.
3. Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga árið 2024. Safnstjóri fylgdi skýrslunni úr hlaði. Hún fer á heimasíðu safnsins og verður send í tölvupósti til sama hóps og fær sendar fundargerðir safnsins.
4. Verkáætlun viðgerða og viðhalds 2025. Safnstjóri ræddi viðhaldsframkvæmdir sem verða unnar á árinu á húsakynnum safnsins og lagði fram framkvæmdaáætlun. Forgangsraða þarf verkefnum en til viðgerða og viðhalds eru áætlaðar 4,5 millj. kr. Húsafríðunarsjóður hefur úthlutað 1,5 millj. kr til viðhalds á Húsinu og Assistentahúsinu.
5. Rekstur safnsins 1.1-31.3.2025. Safnstjóri mun senda stjórn rekstraryfirlit þegar það liggur fyrir. Að sögn safnstjóra er reksturinn í jafnvægi.
6. Næsti fundur. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 17,30.

Sandra Sigurðard.  
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir  
Lýður Pálsson